

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1973 á svæðum, sem takmarkast af línunum, sem dregnar eru þannig:

1. Að austan er dregin lína í r/v suður frá Knarrarósvita í punkt 63°34'N og 20°58.8'V og þaðan í punkt 63°34'N og 21°26'V, síðan í vesturátt gegnum eftirgreinda punkta:

1. 63°41'2N	21°45'5V
2. 63°41'2N	22°21'0V
3. 63°34'5N	23°03'5V

og þaðan í r/v 033° í Reykjanesvita.

Þó skal skipum innan lögmætra stærðartakmarka heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarhaugunum 21°57'V og 22°32'V, innan línu, sem dregin er á milli heirra brjár sjómílnur út frá ströndinni.

2. Að norðan er dregin lína í r/v vestur frá Garðskaga og að sunnan í r/v vestur frá Stafnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Frá 1. apríl til 1. maí skal skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, einnig bannaðar veiðar á svæði því, er takmarkast af línu, er dregin er r/v suður frá Þjórsárósi í punkt 63°34'N og 20°48'V, þaðan í punkt 63°34'N og 20°58.8'V og þaðan r/v norður í Knarrarósvita.

3. gr.

Á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl 1973 eru allar veiðar bannaðar í botnvörpu, samanber 2. tölulið 3. greinar reglugerðar nr. 189/1972, svo og með línu og netum á svæði, er afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

- a) 63°32'0 n.br., 21°25'0 v.lgd.
- b) 63°00'0 n.br., 21°25'0 v.lgd.
- c) 63°00'0 n.br., 22°00'0 v.lgd.
- d) 63°32'0 n.br., 22°00'0 v.lgd.

4. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. febrúar 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.